



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudagurinn 6. júní 2018



Annar fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 6. júní 2018 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Magnús Karl Daníelsson, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðríður Guðjónsdóttir og Hjalti Þór Hreinsson.

Fjarverandi: Enginn

Petta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Bréf frá ÍBV
GBÓ rakti málavexti og hvernig hefur verið brugðist við að hálfu HSÍ. Hvað varðar hæfni stjórnarmanna HSÍ þá er það málefni ársþings HSÍ og félaganna að koma fram með tillögur hvað varðar breytingar þar á. GBO lagði fram drög af svari til ÍBV. DBG greindi einnig frá stöðu mála hvað varðar gerð nýrra siðareglna fyrir HSÍ en beðið er eftir niðurstöðu starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins. Umræða um agabrot þarf að eiga sér stað á formannafundi HSÍ nk. haust. GBO sendir svar á ÍBV.
3. Bréf frá Styrmi
Stjórn HSÍ telur ummælin ekki þess eðlis að vísa eigi þeim til aganefndar. RG útbýr svar vegna málsins.
4. Mönnun nefnda
Manna þarf nefndir fyrir haustið og þurfa nefndarformenn að nýta sumarið vel. Karl tekur að sér deildanefndina og mun manna hana í sumar. Inga Lilja tekur að sér móttökunefndina og Davíð laganeftina. RG leggur fram tillögur fyrir næsta fund stjórnar.
5. Fjármál
RG og AP röktu stöðu fjármála. Mánaðarleg uppgjör munu liggja fyrir frá og með haustinu.
6. Landslið karla og kvenna
RG rakti aðeins stöðu mála hvað varðar A landslið karla og kvenna og það sem er framundan.
7. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 15. ágúst kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari